

Nd.

760. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, sem orðinn er fullra 15 ára um nýár næst á undan gjalddaga, skal greiða kirkjugjald kr. 3.00 á ári. Undanþegnir gjaldi þessu eru þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar, að meðtöldu niðurjöfnuðu hundraðsgjaldi samkvæmt þriðju málsgrein.

Kirkjugjald skal innheimta að viðbættu á lagi, er nemur meðaltali gildandi visitölu fyrir það almanaksár, sem þá er liðið, er gjaldi er niður jafnað. Af kirkjugjaldi þessu ganga $\frac{5}{6}$ hlutar til sóknarkirkjunnar, en $\frac{1}{6}$ hluti rennur í sameiginlegan kirkjusjóð, sem er í umsjá biskups og kirkjuráðs og varið skal kirkju og kristindómi landsins til eflingar og styrktar, samkvæmt reglugerð, er setja skal um sjóðinn.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, og er henni þá rétt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á kirkjugjaldsskylda útsvarsgrreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hv. kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndar-menn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Frumvarp þetta, sem er samið af biskupi landsins og samþykkt af kirkjuráði, er fram komið vegna þess, að ýmsar kirkjur í landinu hafa þegar lent í fjárhagsþróng vegna sívaxandi dýrtíðar, og því óhjákvæmilegt að sjá kirkjunum nú þegar fyrir tekjuauka í samræmi við dýrtíðina.

Breytingar þær frá gildandi lögum, sem frv. þetta felur í sér, eru aðallega þrjár:

1. Að kirkjugjaldið verði framvegis, og í fyrsta sinn árið 1947, innheimt með viðauka samkvæmt meðalvisitölu ársins næst á undan gjalddaga.
2. Að kirkjugjaldið verði framvegis kr. 3.00. Er það aðeins kr. 0.25 hækkun frá heildargjaldi því, sem undanfarið hefur verið greitt til prests og kirkju. Loks er sóknarnefndum gefin heimild til, þar sem tekjur kirkju hrökkva eigi fyrir gjöldum, að jafna niður því, sem á vantar, sem hundraðshluta af útsvörum kirkjugjaldskyldra útsvarsgrreiðenda í sókninni, enda komi samþykki safnaðarfundar til í hvert skipti. Þykir þetta einfaldari leið og hentugri en sú, sem ákveðin er í gildandi lögum.
3. Að $\frac{1}{6}$ hluti kirkjugjaldsins, eða kr. 0.50 á mann, að viðbælti verðlagsuppbót, renni í sameiginlegan kirkjusjóð, er sé í umsjá biskups og kirkjuráðs og varið verði kirkju og kristni landsins til styrktar og eflingar. Þetta er svo lítið gjald, að engan dregur, en gæti þó orðið kirkjunni í heild verulegur styrkur, enda hin mesta nauðsyn á því, að kirkjan hafi árlega nokkurt fé til umráða til eflingar kristilegu starfi í landinu.